Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata:

> Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda nemenda með lögheimili í Reykjavík sem heimilt er að greiða framlag vegna til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur skólaárið 2021 - 2022 verði eftirfarandi:
> Waldorfskólinn Lækjarbotnum; 70 reykvískir nemendur.
> Alþjóðaskólinn á Íslandi; 30 reykvískir nemendur.
> Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ; 5 reykvískir nemendur.
> Grunnskólinn NÚ, Framsýn; 20 reykvískir nemendur.
> Ákvörðun um viðmið er tímabundin og gildir til 1. júlí 2022, fyrir þann tíma verður tekin ákvörðun um framlengingu eða endurskoðun á fyrirkomulaginu. Með samþykkt viðmiða um hámarksfjölda er ekki fallið frá óskilyrtum rétti sveitarfélagsins til að synja einstaka umsóknum foreldra um skólavist í grunnskóla utan lögheimilis sveitarfélags. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári.

Greinargerð:

Með tillögu þessari er lagt til að áfram verði sett viðmið um hámarksfjölda nemenda með lögheimili í Reykjavík, hér eftir reykvískra nemenda, sem heimilt er að greiða framlag vegna til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur skólaárið 2021 - 2022.

Vísað er til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 22. júní 2021, um forsögu málsins, forsendur og fjárhagsleg áhrif og ekki síst til þess sem fram kemur um að gera verður ráð fyrir að sveitarfélagi sé heimilt á grundvelli 7. tl. 43. gr. a laga um grunnskóla nr. 91/2008 og stjórnarskrárvarins réttar sveitarfélaga til sjálfstjórnar samkvæmt 78. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sbr. lög nr. 33/1944, að takmarka fjárframlög sín til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan sveitarfélagsins en tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir, sbr. einnig 1. gr. og 2. mgr. 8. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Þá er jafnframt vísað til umsagnar fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 21. júní 2021.